


# Vatnajökulsþjóðgarður

- Öryggisstefna -



24.04.2020 – 24.04.2024

Útgáfa 2.0

Nr.: SSK-012	<b>01 Stefnuskjal</b>	 VATNAJÖKULSPJÓÐGARÐUR
Útgáfa: 2.1		
Dags.: 24.04.2020		
Höfundur: H/Æ/ABB/IS/SEV	SSK-012 Öryggisstefna	
Ábyrgðaraðili: Magnús Guðmundsson		
Síða 1 af 2		

## Tilgangur og umfang

Vatnajökulsþjóðgarður stefnir að því að vera framsýnn í öryggismálum starfsfólks, gesta og hagaðila þjóðgarðsins með því að þróa ferla og aðferðir sem miða að því að lágmarka hættur í umhverfi og undirbúa viðbrögð við almanna- og náttúruvá.

### *Framtíðarsýn:*

***Vatnajökulsþjóðgarður vill lágmarka áhættu í öllum rekstri þjóðgarðsins og einsetur sér að vinna af fagmennsku og öryggi til að tryggja öryggi í umhverfi starfsfólks, gesta og hagaðila í starfsemi sinni og viðveru þeirra innan þjóðgarðsins.***

Vatnajökulsþjóðgarður mun nýta rannsóknir og viðmið við að þróa öruggt umhverfi starfsfólks, gesta og hagaðila. Þjóðgarðurinn mun einnig afla upplýsinga og innleiða hentuga fjarskiptatækni og aðferðir í starfsemi til þess að stuðla að aukinni öryggismenningu innan þjóðgarðsins.

## Meginmarkmið

Vatnajökulsþjóðgarður setur öryggi starfsfólks og gesta þjóðgarðsins í forgang með því að meta áhættu í starfsemi og umhverfi m.t.t. náttúru-, veður- og þjóðavár og starfar eftir forvarna- og viðbragðsáætlunum Vatnajökulsþjóðgarðs.

Vatnajökulsþjóðgarður nýtir örugga og áreiðanlega samskiptamáta við starfsfólk, gesti og hagaðila þjóðgarðsins til að tryggja upplýsingamiðlun ásamt því að yfirfara og staðla öryggis- og upplýsingaskilti í samráði við viðkomandi samstarfsaðila og aðra þjóðgarða.

Vatnajökulsþjóðgarður stuðlar að góðu samstarfi við Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra, lögreglu, almannavarnanefndir sveitarfélaga, svæðisstjórnir þjörgunarsveita, félagasamtök og aðra hagaðila þannig að viðbrögð og upplýsingamiðlun verði fúmlaus, örugg og áreiðanleg. Vatnajökulsþjóðgarður leggur áherslu á gott samstarf við hagaðila byggða á atvinnustefnu þjóðgarðsins sem miðar að því efla umhverfis- og öryggisvitund þeirra.


Vatnajökulsþjóðgarður gerir forvarna- og viðbragðsáætlanir til að tryggja rétt viðbrögð ef vá ógnar velferð starfsfólks og gesta, lífríki, náttúru og menningarminjum þjóðgarðsins, t.d. vegna ágengra tegunda, mengunarslysa og aksturs utan vega.

Vatnajökulsþjóðgarður stefnir á:

- 1. að tryggja öruggt, heilsusamlegt og jákvætt vinnuumhverfi starfsfólks og að það hljóti ávallt þjálfun og nýti viðeigandi öryggisbúnað við störf sín.**
- 2. að tryggja gestum þjóðgarðsins réttar upplýsingar um aðstæður og hættur á ferðaleiðum og stuðla að auknu öryggi.**
- 3. að tryggja góð samskipti, samráð og upplýsingamiðlun við hagaðila.**
- 4. að tryggja verndun lífríkis, náttúru og menningarminja innan þjóðgarðsins.**

## Endurskoðun

Öryggisstefna verði endurskoðuð að lágmarki á þriggja ára fresti og hún kynnt fyrir starfsfólki, gestum og hagaðilum á innri og ytri vef þjóðgarðsins.

Nr.: SSK-012	<b>01 Stefnuskjal</b>	
Útgáfa: 2.1		
Dags.: 24.04.2020		
Höfundur: HÆ/ABB/IS/SEV	SSK-012 Öryggisstefna	
Ábyrgðaraðili: Magnús Guðmundsson		
Síða 2 af 2		

## Aðgerðaáætlun öryggisstefnu

Aðgerð	Ábyrgð	Verklök
Yfirfara a.m.k. árlega og/eða eftir þörfum forvarna- og viðbragðsáætlun (gátlista) svæða þjóðgarðsins og gera gátlista með hættugreiningu og sérstakt áhættumat staða.	Framkvæmdastjóri Þjóðgarðsverðir	Apríl 2021
Framkvæma áhættumat (umhverfisvísar/ viðmið) á starfsstöðvum þjóðgarðsins og í starfsumhverfi starfsfólks árlega og eftir þörfum.	Framkvæmdastjóri Mannauðsstjóri Mannvirkja- og gæðafulltrúi Þjóðgarðsverðir	Apríl 2021
Innleiða samskiptaáætlun við hagaðila þjóðgarðsins og tryggja upplýsingamiðlun.	Framkvæmdastjóri Mannvirkja- og gæðafulltrúi Þjóðgarðsverðir	Nóvember 2020
Yfirfara aðvörunar- og upplýsingaskilti þjóðgarðsins og tryggja staðlaða framsetningu í samráði við samstarfsaðila (Safetravel, ferðapjónustuaðilar, ferðafélög, Vegagerð).	Framkvæmdastjóri Fræðslufulltrúi Þjóðgarðsverðir	Apríl 2021
Endurskoðun á erfiðleikastuðli gönguleiða.	Fræðslufulltrúi Þjóðgarðsverðir	Mars 2021
Áhættumeta reglulega gönguleiðir og fræðslugöngur. Gera sértækt áhættumat á „svörtum“ gönguleiðum og áningarstöðum.	Fræðslufulltrúi Þjóðgarðsverðir	Maí 2021
Forvarnar- og viðbragðsáætlun svæða (hættugreining, vinnuumhverfisvísar, forvarnar- og viðbragðsáætlun) verði tengd gæða- og mannauðshandbók ásamt landupplýsingakerfi.	Framkvæmdastjóri Fræðslufulltrúi Mannauðsstjóri Mannvirkja- og gæðafulltrúi Sérfræðingur á skrifstofu Þjóðgarðsverðir	Apríl 2021

### Endurskoðun stefnunnar

Aðgerð	Ábyrgð	Verklök
Öryggisstefnan er endurskoðuð á þriggja ára fresti eða oftár ef þörf krefur.	Framkvæmdastjóri Mannvirkja- og gæðafulltrúi Þjóðgarðsverðir Sérfræðingur á skrifstofu	Mars 2021